

**RAFORKUMÁLASTJÓRI**

Vatnamælingar

B3 Skilagrein 117

Vetrarmælingar á Þjórsá og þverám  
hennar og Hvíta við Hvítárvatn,  
veturinn 1955-1956.

Reykjavík, 28.4.1956

Sigurjón Rist/gs

Efnisyfirlit:

bls.

1. Ísalög á ám og vötnum athuguð úr flugvél  
25. mars 1956, eftir Guðmund Kjartansson ..... 1
2. Ferð í Landmannalaugar 29. mars - 2. apríl ..... 7
3. Ferð um vatnasvið Þjórsár, 10.-17. apríl ..... 9
4. Rennslismælingar og vatnshiti ..... 16
5. Snjóalög ..... 23
6. Veðurlýsing, hiti á hálandi og byggð ..... 24
7. Rennslí Þjórsár 1.-19. apríl 1956, Teikn. Fnr. 3315
8. Vatnsberðshækkun af völdum ísa neðan við Urriðafoss  
veturinn 1955/56. Teikn. Fnr. 3327
9. Ljósmyndir
10. Hití í 500 og 1500 m hæð veturinn 1955/56, Fnr 3273  
og Fnr 3329
11. Landabréf

Ísalög á ám og vötnum athuguð úr flugvél  
25. marz 1956. Eftir Guðmund Kjartansson.

Sunnudaginn 25. marz 1956 flugum við Sigurjón Rist í tveggja hreyfla vél frá flugskólanum "Þyt" yfir vatnsvið Þjórsár og víðar til að athuga þar ísalög á ám og vötnum. Flugmaður var Karl Eiríksson.

Flogið var austur yfir Mosfellsheiði, sunnanvert Þingvallavatn, Skálholt, Hæl, Þjófafoss, Valahnúka, laust norðan við Dyngjur, yfir Hófsvað á Tungnaá og Svartakrök, sveigt til norðausturs yfir Snjóölduvatn, Fossvötn og Hraunvötn að skála Jöklaámannsóknafélagsins í Tungnaárbotnum, snúði til vesturs og flogið yfir Austurbotn (Þórisvatns), beygt til norðurs yfir Útigönguhöfða og Þórisós og komið yfir Þjórsá laust neðan við mynni Svartár, snúði til suðurs og flogið yfir Klifshagavelli og Þóris-tungur, þar beygt vestur og flogið yfir Búðarháls, Háafoss, Brúarhlöð, Laugarvatn og Þingvallavatn til Reykjavíkur.

Flugtak í Reykjavík kl. 13<sup>50</sup>, landing á sama stað kl. 16<sup>10</sup>.

Veður var bjart alla leið austur í Hreppa, en þegar austar kom samfellt skýjþykki, sem fal alla fjallatinda fyrir ofan 900 m y.s. Frostlaust og talsverð leysing var bersýnilega á öllu svæðinu, sem við flugum yfir, en þó lítið í öllum vötnum. Yfirleitt var auðséð, hvort ár og vötn á leið okkar voru auð eða ísi lögð, en missýning kemur þó til greina um þau vötn, sem sáust aðeins í fjarska, enda verður hafður fyrirvari um þau í eftirfarandi greinargerð.

Langavatn og Hafrvatn í Mosfellssveit voru alauð, en Leirvogsvatn og Öll þau vötn, sem herra liggja á Mosfellsheiði, voru allögð. Stíflisdalsvatn var einnig lagt.

Þingvallavatn var alautt að kalla. Þó var sumstaðar í því jakahröngl á reki, einkum við suðurströndina (mest í Hestvík). Einnig var íshröngl meðfram norðurströnd Mjóaness, og frá ysta odda nössins teygðist glögglega afmörkuð mjó röst af íshroða undan vindi suður á vatnið.

Heiðartjörn í Gräfningi og vötnin á Búrfelli og Vörufelli voru allögð.

Hestvatn í Grímsnesi og vatnið á Miðfelli í Hrunnmannahreppi voru auð, en bæði með íshroða við suurlandið.

Tjörn hjá Geldingaholti í Gnúpverjahreppi var allögð, en vatn ofan á ísnum. (Ef til vill hefði hún sýnst auð í miklum fjarska, en við flugum þarna rétt yfir).

Allar ár á láglendinu voru alauðar. Þó sást íshrönn við Hvítá hjá Klöjbergi og Brúnastöðum, en hvergi ofar við hana né neina þverá hennar.

Engin hrönn sást við Þjórsá neðar en undir Bringu í Þjórsárdal og aðeins óveruleg þar. En á kaflanum frá Lambhaga (gegn Ásólfstöðum) upp að Hvassatanga (neðan við Þjófafoss) voru allar hinar víðáttumiklu eyrar hennar þaktar hrönn. Flestar eða allar kvíslar árinna - og eins Fossá, sem þarna kemur í hana - voru þó auðar, en runnu eins og í gljúfrum milli þverhníptrá brotsára í hrönninni. Hrönnin þykknaði austur (upp) eftir, og undir Búrfellshálsi sýndist mér hún því nær jafnhá hnallungakambi, sem þarna liggur og mér hefur áður mælt um lo m hár yfir vatnsborð árinna.

Frá Þjófafossi inn að Tungnaármynni var Þjórsá alauð og sást engin hrönn við hana.

Ytri-Rangá var að sjálfsögðu alauð.

Helliskvísl virtist með öllu rennslislaus vestan og norðan við Lambafitjakraun, en farveginn víðast hulinn snjó.

Grænavatn undir Sauðafelli, Hrafnabjargavatn og Eskihlíðarvatn voru lögð alls staðar sem í þau sást. Eins virtist mér um Frostastaðavatn, en það var of langt úr leið til að fullt mark sé á takandi.

Tungnaá var auð á kaflanum frá Tungnaárfelli upp undir Hófsvað. Neðar sá illa til hennar, en sennilega var hún einnig auð þar. Þó sást einhver hrönn við hana norður af Tungnaárfelli. Á Hófsvaði var Tungnaá lögð landa á milli, en aðeins á um  $1\frac{1}{2}$  km kafla. Fyrir ofan þessa spöng tók við mjótt auður áll, sem lé óslitinn með norðurbakka árinna allt upp að mynni útfallsins úr Snjóölduvatni. Í þeim áll rann bersýnilega kaldavermsl úr Snjóölduvatni - og þó einkum úr Vatnakvísl, sem kemur í Tungnaá litlu neðar, enda breiðkaði állinn mjög neðan við ármótin. Fyrir ofan (sunnan) ósinn úr Snjóölduvatni sást ekki vök í Tungnaá og ísinn haldi einnig allar sandeyrarnar, sem þar eru í henni. Ekki sá ég betur en næsti kafli Jökulgílskvíslar veri einnig allagður, en auðir álar gátu vel leynst þar milli hárra skara eða undir bökum, því að þetta var athugað á lágu flugi og á löngu færi.

Vatnakvísl var auð að endilöngu og engar eiginlegar ísskarir sást við hana. Aftur á móti krepptu að henni

þykkar hjarnfannir með bröttum hengjum fram af. Munu þess  
sums staðar hafa staðið í botn á grynningum eða brúað  
smákvíslar. Þar voru sprungur í hjarninu og signar spildur.  
Sennilega hefur áin hlaðið í sig og skeflit yfir í hana í  
harðindum í desember og janúar, en hjarnbrýrnar döttið  
síðan niður.

Á Veiðivatnasveðinu voru a.m.k. þessi vötn allögð:  
Gígvatnið stóra undir Skyggni, Snjóölduvatn (ósinn úr því  
þó auður sem fyrr segir), Ónftavatn, Grænavatn og Litlisjór.  
Það sem til sást af Nýjavatni og Breiðavatni var einnig  
lagt, en vakir gátu þar lagnst undir bröttum bökum. Hvergi  
var vök á svonefndum Kvíslum, læknum, sem rennur úr Græna-  
vatni í Ónftavatn. Skálavatn var allagt nema vakir í Básun  
við vesturbakkann.

Tjaldvatn var að mestu autt. Áin, sem rennur úr því  
gegnum Langavatn, Eskivatn og Kvíslarvatn út í Vatnakvísl,  
var einnig auð að endilöngu, en skarir teygðust nokkuð út  
á vötnin, sem hún rennur í gegnum.

Stóra-Fossavatn var autt að mestu, en þó breið ísskör  
með austurlandinu. Eins var um Litla-Fossavatn, nema þar  
var breiðust skör að sunnanverðu. Fossavatnakvísl, sem  
kemur úr stóra vatninu og rennur gegnum hið minna út í  
Vatnakvísl, var alls staðar auð.

Hraunvötn voru allögð, en sumsstaðar var þar leysingar-  
vatn ofan á ísnum á litlum tjörnum og víða krapablár í  
lægðum.

Nokkrar litlar vakir sást á Tungnað skammt fyrir  
neðan skála Jöklaannsóknafélagsins.

Þórisvatn var allagt, nema allstór vök innst í Austurbotni, þar sem lindir renna í hann undan Þveröldu, og Önnur þar nálægt í ónunum eða sundinu sem tengir Austurbotn við fjörðinn sunnan við Útigönguhöfða. Afrennslislausu vatnið milli Útigönguhöfða og Þveröldu var allagt.

Þórisós var alauður nema nokkrar skarir að honum allra efst við útfallið úr Þórisvatni.

Kaldakvísl - á kaflanum frá Illugaveri niður fyrir mynni Þórisóss - var yfirleitt auð, en víða skarir að henni, virtist helst nýbúin að ryðja sig og mátti sjá jakaferð í henni. Á einum stað, þar sem hún rennur í gljúfri með hraunbrún 3-4 km ofan við mynni Þórisóss, var á henni ísspöng eða jakastífla.

Þjórsá var lögð ofan við Svartáarmynni svo langt inn eftir sem til sást, Svartá sömuleiðis. En þar fyrir neðan var Þjórsá auð milli hárra skara eða hranna. Um 10 km neðar sýndist hún aftur lögð.

Kaldakvísl var alauð austan við Klifshagavelli og alla leið þaðan til ósa. Smáár og lækir í Þóristungum voru yfirleitt auð nema með snjóbrúm í þrengslum.

Tungnaá var auð frá Hrauneyjarfossi til ósa. Nokkur hrönn var við hana austan við Sultartanga.

Þjórsá var allögð á aurunum ofan við Sultartanga á 10 km kafla a.m.k. Þar sá engin skil eyra og árkvísla, þykkur ís eða hrönn sléttaði yfir hvort tveggja. En við mynni Blautukvíslar, sem er hluti af Tungnaá, skipti um, og Þjórsá var alauð þar fyrir neðan.

Fossá var allögð í Fossölduveri, en með skörum og spöngum þáan niður að Hlafossi. Fast neðan við fossinn var geysibýkk fönn yfir ánni og minni snjóbrú framur (neðar) í Fossárdal, en þáan var áin auð til ósa.

Stóra-Laxá var alauð í gljúfrinu austan við Gata-klettsöldu, sömuleiðis Litla-Laxá vestan Öldunnar, og - eins og fyrr segir - allar ár alauðar niðri í sveitum.

Á vötnunum framan við Múla í Biskupstungum var íshroði. Laugarvatn í Laugardal var alautt, Apavatn var einnig autt, en þó nokkurt íshröngl við suðurlandið.



Ferð í Landmannalaugar,

29. marz til 2. apríl, 1956.

Páskaferð Guðmundar Jónassonar.

Aðfaranótt 26. marz, nóttina eftir af flogið var yfir vatnasvið Þjórsár, (sjá grein Guðmundar Kjartanss.) frysti um land allt og leit þá út fyrir að takast mætti að fara vatnamelingaleiðangur inn á Þjórsársveðið um páskana og var unnið að búningi slíks leiðangurs. En hinn 27. hlýnaði aftur skyndilega í veðri og rakin sunnanátt hélzt einnig mestu daga. Ljóst varð að fresta þurfti mellingaferðinni fram yfir páska að minnsta kosti. Guðmundur Jónasson, sem hafði snjóbílinn R-345 til reiðu í mellingaferðina, ákvað nú að freista að komast með skemmtiferðafólk um páskana upp í Landmannalaugar og slóst ég í förina með honum.

Lagt var upp frá Reykjavík að morgni 29. marz (skírdags), auk snjóbíls Guðmundar Jónassonar voru tveir skriðbílar (weasels) úr Reykjavík með í förinni. Farin var Landmannaleið.

Mikill vatns- og krapaelgur var á allri leiðinni meðfram Dyngjum. Jökulgilskvísl var alauð og rennslíð 8-10 m<sup>3</sup>/s, nálægt venjulegu sumarvatni. Tungnaá var auð á nokkrum kafla neðan við Jökulgilskvísl. Þar gafst tækifæri að reyna annan skriðbílinn, sem bát á straumvatni. Farnar voru tver ferðir yfir ána fram og til baka.

Um natúr stírðnaði aðeins við Landmannalaugar, en töluverð leysing var þar um daga, hæðin er 600 m y.s.

Hinn 7. apríl var haldið heimleiðis úr Landmannalaugum, farin svonefnd "syðrileið", þ.e.a.s. um Dómadal. Samfelld krapablá var yfir allar leirurnar suður af Loðmundarvatni, aðeins einstaka melpúfa stóð uppúr. Krækja varð á snjóbilnum fyrir blána og fara lækina úr Mógilshöfðum á snjóbrúm við rettur fjallshlíðarinnar. Þegar komið var að Helliskvísl var hún beljandi forað. Kringlá sannlega nýbúin að ná sér fram í Helliskvísl austan Sátu. Krækt var suður með Sátubarni að vestan og farið yfir lækina úr Rauðfossafjöllum á snjóbrúm við fjallsretturnar.

Í þessari ferð gafst gott tækifæri til að sjá hvernig umhorfs er á móbergssvæðinu, þegar snjóa er að leysa.

Aðfaranótt annars páskadags (2. apríl) kólnaði nokkuð í veðri og frysti til fjalla allt niður í 500 m hæð, skjótt hlýnaði í lofti aftur. En með 7. apríl hófst samfelldur frostkafla, svo að lagt var af stað í málíngiferð hinn 10. apríl, eins og nú skal greina.

Vetrarferð um vatnasvið Þjórsár og Hvítár.

Þriðjudagur 10. apríl:

Lagt af stað kl. 9. Þátttakendur: Jakob Björnsson, Guðmundur Jónasson, sem ók bifreiðinni H-3 og undirritaður (S. Rist), sem ók R-3342. Staðið var við nokkra stund í Þjórsártúni og vatnshæðarkvarðar Þjórsár athugaðir og R-3342 skilinn þar eftir. Haldið var þaðan rakleitt um Landmannaleið að Valafelli, að snjóbílnum R-345. Ók nú Guðmundur Jónasson snjóbílnum R-345, en S. Rist H-3, í áttina að Bjallavaði, (nyrðri leiðina). Ferið var gott, frosið, aðeins á stöku stað brotnaði niður undan H-3, og sneiða þurfti hjá dýpstu vatnsflám, sem voru á ótraustu haldi. Undir kvöld gerði nokkurt fjúk og var sezt að nokkru vestan við Einbúa sökum myrkurs.

Miðvikudagur 11. apríl:

Haldið að Bjallavaði kl. 8<sup>45</sup> og komið þangað kl. 10<sup>30</sup>. Tungnaá mæld. Vaðið var yfir ána en bátur ekki notaður, sama lag var haft við allar aðrar rennslismælingar í þessari ferð. Mælingu lauk kl. 14 og var þá haldið á báðum bílunum að Hófsvaði (Gvendarvaði). Tvær leiðir yfir Tungnaá komu til greina: 1) Flytja snjóbílinn á H-3 yfir ána á vaðinu, en til þess þurfti að sprengja töluvert af skörum. 2) Leiðin, sem valin var, að aka snjóbílnum á ísi yfir ána í Svartakróki. Tungnaá var auð neðan við Vatnakvísl og sömuleiðis var auður áll við austur landið, neðan við frárennsli Snjóölduvatns. H-3 var skilinn eftir hjá vaðinu, en farangur settur á sleða, sem hnýttur var í snjóbílinn. Um nóttina var gist við vesturjaðar Snjóölduvatns.

Fimmtudagur 12. apríl:

Risið var kl. 7. Rennsli úr Snjóölduvatni mælt. Um 200 m inn á Snjóölduvatni var höggvin hola niður í ísinn og þegar hún var 60 cm djúp, fylltist hún af vatni, sem var á milli íslaga, síðan var hún dýpkuð nokkuð á annan metra án þess að tækist að komast í gegnum ísinn. Ekki þótti ráðlegt að eyða lengri tíma í þessa athugun, en haldið að Vatnakvísl og hún mæld skammt ofan við ármótin að Tungnaá. Síðan ekið inn með Veidivötnum, samfelldur ís var á Ónýtavatni. Komið var í Tjarnarkot við Tjaldvatn. Var Tjaldvatn autt að mestu. Fossakvísl var alauð og farið yfir hana nokkru neðan við Litla-Fossavatn. Kvíslin var mæld. Litla- og Stóra-Fossavatn voru auða að mestu, stórar vakir við norðvestur jaðar Stóra-Fossavatns, og gjár í hrauninu á milli Stóra-Fossavatns og Litlasjávar voru auðar. Ís á Litlasjó, að því er best varð séð. Vakir meðfram austurjökum Hraunvatna.

Austan við Hraunvötn var snjórinn greinilega meiri, og sömuleiðis sást að Snjóöldufjallgarðurinn var norðurjaðar á snjöpungu svæði, snöggtum minni snjór í Vatnaöldum en Snjóöldu. Í 650 m hæð og þar yfir var snjórinn lausari, þar hafði blotnað minna í honum í vetrarhlákunum og nokkuð bar á nýjum, þurrum snjó. Færið var þá ágett fyrir snjóbílinn og var náð til Jökulheima um kvöldið.

Föstudagur 13. apríl:

Lagt upp frá Jökulheimum kl. 9 og haldið milli Ljósufjalla og Helgrindaa (Gjálfjalla) um Heljagjá og Veidivatnahraun og komið að hnjúk 704 m y.s.

Sveigt norðvestur fyrir endann á Botnafjöllum og vestur með þeim að norðan og þar út á Þórisvatn. Ís á Þórisvatni var 90-100 cm á þykkt, vatnsdýpi mældist 56 m, nálægt 350 m frá landi norðan Útigönguhöfða. Á Þórisvatni var sléttur snjóís og stamur af frostrími. Ákjósanleg lendingarskilyrði fyrir flugvélar. Ekið var um Þórisvatn og komið í eyju suðvestur af Útigönguhöfða, hvergi sáust neinar vakir, enda var ekki farið inn í austurálmuna, en þar sáust vakir, þegar flogið var yfir á pálmásunnudag, eins og áður er nefnt. Þá var dýpið mælt í öðrum punkti og reyndist 41 metri. Staðar-ákvörðun er: nál. 1,5 km NNV af eyjunni.

Þá var dýpi einnig mælt í víkinni, sem gengur suðvestur úr Þórisvatni. Nánari staðarákvörðun: Mælistaðurinn var á framlengdri línu milli fremsta oddantangans austan við víkina og fremstu brúnar Vatnsfells, og 1/3 af víkurbreiddinni frá vesturlandinu. Dýpið reyndist 20 m og ísþykkt 1 m. Síðan var ekið um öldurnar vestan vatnsins og gengið niður í efsta hluta Þóristungna og athugaðar lindir, sem þar spretta upp. Síðan var haldið til baka aftur, snjólag kannað á Ósöldum. Snögg skifti voru á snjólaginu við 500 m hæðarlínuna. Þar fyrir neðan var autt, aðeins fannir í gilskorum. Fremur lítill snjór var á Ósöldum og nokkrum hluta Veiðivatnahrauns. Úr Ósöldum var krækt fyrir vök Þórisóss í Þórisvatni, sem náði örskammt inn á vatnið, og haldið niður með Þórisós að austan og var seinfarið um hraunið söllum þess hve þar var snjólítið.

Náttstaður tekinn við vaðið á Þórisós. Meling hafin en varð ekki lokið fyrir nýrkur.

Laugardagur 14. apríl:

Rennslismeling á Þórisós hafin kl. 6<sup>30</sup>. Tveir rennslismelningar teknar og haldið síðan að Köldukvísl laust eftir hádegi og hún mæld skammt n.v. stíflustæðið, þ.e.a.s. á sama mælistaði og síðastliðið sumar. Þar var hún alauð og vatnshiti 2,5<sup>0</sup>. Þessi hiti gaf ótvírett til kynna að hún væri auð nokkuð langt upp eftir. Ekki var ná um Veðivatnahraun og krækt fyrir lindar, sem úr því falla niður til Köldukvíslar. Komið var að Köldukvísl aftur við Illugaver, en þar var hún alauð og vatnshiti 0,7<sup>0</sup>, var þá augljóst að áin væri á ís þar skammt fyrir ofan. Var haldið enn upp með ánni og upp fyrir lækinn, sem kemur frá Gám og Gímu. Þaðan var stefnt að Köldukvísl norðvestan og neðan við gljúfrin. Um tveggja m breið vök var í miðri ánni, svo langt sem sást upp eftir, og var því það ráð tekið að stífla hana með jökum, það var þannig gert að brotið var úr skörunum ofar með ánni. Guðmundur ók síðan bílnum yfir á þessu jakahröngli. Haldið var síðan upp í Þveröldu og þaðan niður í Illugaver og tekið benzín af birgðum, sem þar voru.

Frá Illugaveri var stefnan tekin þvert yfir Holtamannaafrétt og stefnt á Loðmund í Kerlingarfjöllum. Snjór var nokkur nálægt Illugaveri, en til muna meiri er nær dró Þjórsá. Farið var neðarlega yfir Svartá, sem var undir þykkum ís með einstaka vakir (ísinn dottið niður).

Hún var mjög vatnslítill. Komið var að Þjórsá örskammt neðan við ármót hennar og Hnífár. Þar var breiður áll auður í Þjórsá. Ljóst var að það var Hnífá, sem hélt Þjórsá auðri, því að helluis var á Þjórsá ofan við Hnífá, en Hnífá aftur á móti Landahreini. Náttstaður var tekinn við Bólstað þá um kvöldið. Úti fyrir Bólstað var landvök í Þjórsá. Vökin náði skammt niður fyrir Bólstað, en uppeftir eins og séð varð. Sennilegt er að lindavatn, sem fellur til Blautukvíslar, hafi orsakað hana í fyrstu, en straumhraðinn er nægilegur til að halda henni við.

Sunnudagur 15. apríl:

Með morgni haldið að Hnífá og hún mæld skammt ofan við ármót hennar og Þjórsár, síðan var kreakt nokkuð uppeftir fyrir Hnífá. Þar voru lindir í djúpum snjógiljum, vatn úr þeim hélt ánni slauðri, þar fyrir neðan, en fyrir ofan lindarnar var slétt snjóbreiða yfir ána.

Síðan var sveigt til suðsuðausturs og farið vestan við efstu lindadrög Ryvafenskvíslar og ekið eftir smástöðuvatni á Fjórðungssandi og á þessari leið var meiri snjór en þeim sveðum, sem áður hafði verið farið um. Komið var að flaki brekkrar herflugvélar, sem nauðlenti þarna á Fjórðungssandi 1941. Skrifublað og stýri og nokkuð af bolnum stóð upp úr snjólaginu.

Ekið var um Norðlingaöldu og Þjórsá mæld suðvestur af Norðlingaöldu. Síðan haldið til baka um Fjórðungssand um Illahraun milli Kerlingarfjalla og Hofsjökuls og náð um kvöldið að sæluhúsi Ferðafélagsins í Árskarði.

Mánudagur 16. apríl:

Haldið frá Árskarði með morgni, yfir Jökulfallið, sem var á traustum ís norðaustan við Seluhúsið. Ekið austan Hnappöldu og yfir Blákvísl neðst í Blágnýpuveri og síðan krakt norður fyrir drög Fossrófulækjar. Nálegt há Kili, 648 m y.s. var sleði skilinn eftir og farangur settur á þak bifreiðarinnar. Síðan var sveigt til suðurs vestan við bílaslóðina og vestan við Innra-Skúta. Á þessu sveði var orðinn mjög lítil snjór, aðeins hægt að þreða snjórennur. Traustur ís var á Svartá og var ekið eftir henni á nokkuð löngum kafla í átt að Hvítárvatni. Komist var að Hvítá þar sem hún fellur úr vatninu og var hún auð og nokkuð löng vök náði inn í vatnið meðfram suðurjaðrinum. Hvítá mæld nokkrum metrum neðan við brúna.

Ekið um Skálpanes norðvestan við Geldingafell. Þar var mikill snjór, síst minni en í Kerlingarfjöllum. Niður með Jarðklettum var gott leiði fyrir snjóþflinn, þar til kom niður fyrir 500 m y.s. þá mátti heita mjög lítil snjór. Gist í seluhúsinu við Hagavatn.

Þriðjudagur 17. apríl:

Kl. 6<sup>30</sup> var risið upp og búist til brottferðar. Farið mæld og snjóþflinum ekið yfir það á auðu vestan undir Einifelli. Ekið síðan meðfram Fagradalsfjalli, sunnan við Mosaskarðsfjall um Lambahraun norðan við Kálfstind og niður af Lambahrauni sunnan við Rana úr Hléðufelli. Ekið var um Hléðuvelli norðan Skriðuhnjúks um Áfangavörðu og milli Karls og Kerlingar, suðvestan í Skjaldbreið og vestur Skjaldbreiðarhraun, norðvestan Gatfells og allt vestur að Seluhúsakvísl.



Leiðin var mjög örðug eftir að kom niður fyrir 450 m sökum snjóleysis. Sveigt frá Sæluhúsakvísl og suður að Lágafelli um illfært hraun og gekk seint síðustu kilometrana. Ekið meðfram Sanakluftavatni og niður flóraða götustíginn austan við Meyjarsæti og niður á Hofmannafliót, en þar beið bifreið, er Raforkumálaskrifstofan hafði sent austur til að sækja snjóbílinn. Komið var til Reykjavíkur á 9. tímanum um kvöldið og hafði ferðin þá staðið í 8 daga.

Á snjóbílnum hafði verið ekin 550 km leið, sem skiptist þannig eftir dögum.

1. dagur, 10. apr.	Valahnjúkur-Dyngjur .....	20 km
2. " 11. "	Dyngjur-Bjallavað-Snjóölduvatn ..	40 "
3. " 12. "	Snjóölduvatn-Veiðivötn-Jökulh. ..	60 "
4. " 13. "	Jökulheimar-Þóristungur-Þórisós .	110 "
5. " 14. "	Þórisós-Þveralda-Bólstaður .....	80 "
6. " 15. "	Bólstaður-Norðlingaalda-Árskarö .	90 "
7. " 16. "	Árskarö-Kjölur-Hagavatn .....	90 "
8. " 17. "	Hagavatn-Skjaldbreiður-Hofmfl. ..	60 "

Löngum var lélegt loftskeytasamband við Reykjavík og mjög tímafrekt að komast skeyti á leiðis.

Rennslismælingar og vatnshiti, apríl 1956.

Nr.	Dags.	Vatnsfall og mælist.	$\frac{m^3}{s}$	l/s km <sup>2</sup>	°C
1.	11.	Tungnaá við Bjalla	58	40	2,0
2.	12.	Snjóölduvatnaskvísl	2,5	59	1,3
3.	"	Vatnakvísl o.v.árm.Tungnaár	13,5		2,4
4.	"	Uppspr. v. grénish. a. Tjaldv.			3,4
5.	"	Fossvatnakv. n. L.-Fossav.	2,9		2,4
6.	13.	Uppspr. SV Þórisvatns	0,25		
7.	"	" efsta lindin			3,4
8.	"	" neðsta lindin			2,6
9.	14.	Þórisós hjá vaði	14,7	43	1,2
10.	"	" " "	15,0	44	1,2
11.	"	" vatnsm. lind o.rmst.			2,8
12.	"	Kaldakvísl, Sauðafelli	18,2	16	2,5
13.	"	" Illuaveri			0,7
14.	15.	Þjórsá hjá Bólstað			0,4
15.	"	Hnífá ofan Þjórsár.	5,0	50	1,3
16.	"	Uppspretta Hnífár			3,1
17.	"	Nál. uppt. Eyvafenskvíslar			2,3
18.	"	Þjórsá SV af Norðlingaöldu	36,0	17	0,9
19.	16	Uppdr. í farv. Þjórsár rmst.			3,3
20.	16.	Hvítá n. Hvítárvatns	35,0	43	2,5
21.	17.	Farið undan Einifelli	3,8		0,5

1) Gullfoss  
á sama linn. 61  $\frac{m^3}{s}$

Hvítávatnsbrú  
35 =

Gullfoss  
61

Nokkrar skýringar við mælingarnar.

- Nr. 1. Óvenju miklar leysingar voru til fjalla í febr. og marz í vetur, stöku daga leysti snjó upp í 1000 m hæð og jafnvel blotaði enn lengra upp. Hér er því ekki um að ræða lögsta vetrarrennsli í Tungnaá. Þetta rennsli mun ekki fjarri venjulegu vetrarrennsli árinna, rennslið mun þó að jafnaði vera nokkuð lægra að áliðnum vetri en þetta, sennilega um  $40 \text{ m}^3/\text{s}$ . Sjá Þjórsá hjá Urriðafossi, 1.-19. apríl 1956, teikn. Fnr. 3315.
- Nr. 2 og 3. Vatnasvið Snjóölduvatns og Vatnakvíslar verður ekki aðgreint, til samans teljast þau vera  $270 \text{ km}^2$ , en mörkin eru mjög óviss að norðan og austan. Vatnakvíslarnar eru hreinar lindár, en verða þó nokkuð vatnsmeiri en þetta í maí og júní. Þegar vatnshitinn ( $2,4^\circ$  og  $1,3^\circ\text{C}$ ) er athugaður, er eðlilegt að ís étist fljótt burtu af Tungnaá fyrir neðan kvíslarnar.
- Nr. 4. Þarf engra skýringa við. Handhægt er að mæla hitann í þessum uppsprettum, þegar komið er til Veiðivatna, því að þetta eru uppsprettur lækjarins, sem er austan við Tjarnarkot.
- Nr. 5. Lindá, alauð sem á sumardeg.
- Nr. 6, 7 og 8. Eins og sagt er í ferðasögunni hér að framan, var farið á snjóbilnum eftir þeirri vík Þórisvatns, sem nær lengst til vesturs og ekið þar upp á öldurnar, en gengið síðan niður snarbrattar hlífur dalsins, sem teygir sig frá Þóristungum í átt að Þórisvatni.

Dalbotninn er sem næst 2,5 km í hávestur frá áður nefndri vík Þórisvatns. Rennslið mældist  $0,25 \text{ m}^3/\text{s}$ . Það var að verulegu leyti úr lindum í dalbotninum, sem komu fram með nokkurri ólgu undan vestri hlífðinni, hitinn  $2,6^\circ$ . Um 20 m ofar (lóðrétt) seytleði vatn fram milli laga í dalskorunni að norðan (sjá mynd). Vatnshitinn mældist  $3,4^\circ$ , mælingin ónákvæm. Vatnsseytlið var hvarvetna svo lítið, að erfiðlega gekk að safna þessu saman og mæla hita þess fast upp við bergið, þar sem það kom út. Lofthiti var um frostmark ( $+ 1,0^\circ$  í forsælu), sólfar mikið og blasti mælingastaðurinn mót sól, svo gera má ráð fyrir að vatnshitinn hafi bækkad lítið eitt af þeim sökum, þótt staðurinn væri varinn með mosa meðan mæling fór fram. Í dalskorunni lágu nokkrar fannir, að öðru leyti var alautt þarna og enginn snjór sást niður í Þóristungum. Undan fönnunum seyð örlítið vatn, svo að uppsprettuvatni hefur verið  $0,15$  til  $0,20 \text{ m}^3/\text{s}$ . Nokkur hluti af lindavatninu mun að öllum líkindum vera kominn úr Þórisvatni, þessi leki verður að teljast mjög óverulegur. Ef að líkum lætur, verður snemma í sumar þurrt um í Þóristungum og þá gefst gott tækifæri til að athuga þar uppsprettulindir nánar.

Nr. 9 og 10. Þórisós er ein greinilegasta lindá landsins.

Hinn 17. ág. 1955 var rennslið einnig mælt með tveim straumhraðamælum og reyndist þá  $14,6$  og  $15,2 \text{ m}^3/\text{s}$ . MQ við stíflustæðið hjá vaðinu er því  $15 \text{ m}^3/\text{s}$ , en rennslið úr sjálfu vatninu um  $6 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Hvert vatnasvið Þjórsár er hjá vaðinu, verður ekki sagt með neinni vissu, vatnamælingarnar hafa talið vatnasviðið 260 km<sup>2</sup>, en sennilega er það til muna stærra eða allt að 330 km<sup>2</sup>. Lindarnar í Austur-Botni (sjá grein G. Kjartanssonar) gefa til kynna að þar sigur vatnið til Þórisvatns, og þá úr norðri og austri. Þegar rennsli Þórisóss og Köldukvíslar (nr.12) er borið saman, verður hið mikla rennsli í Þórisósi ekki skýrt með öðru móti en að vatn allt norðaustan úr Tröllahrauni falli til Þórisvatns eftir glufum og jarðsprungum með NA-SV lágri stefnu, eins og t.d. Heljargjár og vatnspétt berglög séu ofar í jarðskorpunni nálægt Köldukvísl heldur en austur við Gjálfjöll.

Nr. 11. Vatnsmikill lindahver í vík inn í nyrðri bakkann, skammt ofan við stíflustæðið, Þórisóss er breiður þar úti fyrir með smáhólma. Hinn 17. ág. 1955 var vatnshitinn 3,2°C.

Nr. 12. Þetta vatn, 18,2 m<sup>3</sup>/s í Köldukvísl er að mestu linda vatn. Hinn 17. ág. sl. var rennsli 50-65 m<sup>3</sup>/s, þ.e.a.s. dagsveiflan vegna leysingar á jöklinum, nálægt 15 m<sup>3</sup>/s. Þann dag fór Guðmundur Jónasson yfir Köldukvísl á vaðinu í Illugaveri og taldi hana þá nokkru vatnsmeiri en hún er vön að vera í ágústmánuði, á þann mund er hann fór yfir hana hefur rennslið svarað til 57 m<sup>3</sup>/s rennslis undan Sauðafelli. Rennslismæling 4. okt. '54 niður í Þóristungum bendir í þá átt að rennslið hafi þá verið 25-30 m<sup>3</sup>/s undan Sauðafelli. Þá var fremur lágt í vötnum. Út frá þessum mælingum og með hliðsjón af rennsli Þjórsár, fest að Kaldakvísl undan Sauðafelli í venjulegu árferði er nálægt þessu:

Sept.	35	m <sup>3</sup> /s
Okt.	30	"
Nóv.	27	"
Des.	24	"
Jan.	21	"
Febr.	18	"
Marz	20	"
Apr.	25	"
Mai	180	"
Júní	70	"
Júlí	60	"
<u>Ág.</u>	<u>50</u>	<u>"</u>
MQ	40	m <sup>3</sup> /s

Samfelldar mælingar á rennsli Köldukvíslar hafa ekki enn farið fram, en ég setla að mælingar síðari tíma leiði í ljós að ársrennslið sveiflist um 40 m<sup>3</sup>/s. Oft koma vatnavextir á Þjórsársvæðinu í marz og apríl, svo var t.d. 1948, 1953 og 1956, rennsli þessara mánaða, einkum marz-mánaðar, hefur þá verið til muna yfir því meðaltali, sem hér er talið, en þá reynist venjulegast rennsli maí-mánaðar minna sem því nemur.

Fleiri munu þó þeir vetur reynast, sem leysingar ná ekki að ráði upp fyrir 600 m hæðarlínuna, og þá er rennsli marz- og aprílmánaðar um 12 m<sup>3</sup>/s, ekki líklegt að það fari lengra niður sökum þess að lindarvatnið stoppar við.

Nr. 13. Vatnshiti Köldukvíslar reyndist  $0,7^{\circ}\text{C}$  í Illugaveri en hafði mælt  $2,5^{\circ}$  á rennslismælistaðnum sjá nr. 12. Nokkurt lindavatn bætist í Köldukvísl frá Illugaveri og niður á rennslismælistað, en hitamagn þess getur vart verið nægilegt til að gefa ánni  $2,5^{\circ}$  meðalhita á mælistað. Ekki voru tók á að endurtaka mælinguna að sinni. Skýring á þessu er e.t.v. sú að hitamælingin á rennslismælistað er gjörð við landið að sunnan aðeins 2 m úti í straumnum, en lindarnar koma einmitt undan landinu þeim megin, og er því sennilegt að þar hafi árvatnið verið hlýrra, en kaldari állinn, sem að ofan kom, hafi legið að mestu við nyrðri bakkann. Veður var NA3 +  $4^{\circ}$  og mikið sólfar. Áin alauð á umræddri vegalengd.

Nr. 14. Landvök var úti fyrir Bólstað, sjá ferðasöguna. Á víðáttumiklu svæði undan Bólstað hefur grunnstingull hækkað vatnsborð Þjórsár um  $1\frac{1}{2}$  m þegar vetur gekk í garð, síðan hefur áin skorið sig fram í 12 m breiðum ál við vesturland, vatnsdýpi  $0,7$  til  $1,0$  m og straumhraðinn  $1,8$  til  $2,0$  m/s. E.t.v. eru vatnssuppsprettur við vesturbakkann eða lindavatnsáhrifa frá Blautukvísl hafi gætt og orsakað að áin skar sig fram fast upp við vesturlandið, en straumur er svo nægilegur til að halda þarna opnum ál, því að straumvatn, sem er  $0,4^{\circ}\text{C}$  getur ekki haldið undir ís, það tærir vatnið ísinn þótt straumhraðinn sé aðeins lítið brot af því, sem hann var á þessum stað.

- Nr. 15. Hnífá er lindá og jökulsá og var alauð á meli-  
stað, sjá ferðasöguna. Sandur skreið með botninum.  
Vatnið virtist við fyrstu sýn blátært, en við nán-  
ari athugun mátti merkja mjög daufan jökullit.
- Nr. 16. Sjá ferðasöguna. Hitinn mældur í ólgandi upp-  
sprettum.
- Nr. 17. Þykkt snjólag lá yfir upptökum Eyvafenskvíslar, svo  
að ekki var unnt að mæla hitann í sjálfum upp-  
sprettulindunum. Mælingin gerð 30-50 m neðar og hafði  
vatnið þar runnið þessa vegalengd undir snjóloftum.
- Nr. 18. Sjá rennsli um Urriðafossíá sama tíma. Far. 3315.  
Þjórsá við Norðlingaöldu er í fyrsta lagi dragá,  
þá jökulsá, óverulegust eru lindahrifin. Hnífá  
leggur til lindavatnið eins og áður er sagt.
- Nr. 19. Vatnsmiklar lindar komu upp í farvegi Þjórsár á  
töluverðu svæði meðfram vesturlandinu. Lindaraugun  
eru undir vatni, þegar hátt er í ánni.
- Nr. 20. Rennsli um Gullfoss á sama tíma  $m^3/s$ .  
Álestur við Hvítárvatnsbrú var 158 cm.



Snjóalög.

Í ferðapættinum er snjóalögum lýst, helztu einkenni eru þessi. Snjór var hvarvetna lítill, undir 450, aðeins fannir á stöku stað, en mátti heita samfelldur er komið var upp fyrir 600 m hæðarlínurnar. Þrátt fyrir þá leysingu, sem átt hefur sér stað á hlýviðris tíma-bilinu í vetur, var ljóst að snjókoma (úrcoma) hefur verið töluvert mismunandi á hinum ýmsu stöðum hálendis-ins. Mikill í Snjóöldufjallgarði, en til muna minni í Vatnaöldum. Á geira, er teygði sig frá Þóristungum um Ósöldur og milli Kjalaldna og Bláfjalla, hefur snjókoman verið lítil í vetur. Frá Sauðafelli í áttina að Kerlingarfjöllum óx snjólagið stöðugt og 1 til 1½ m snjólag var á Fjórðungssandi. Snjólag Kerlingarfjalla ámóta og Snjóöldufjallgarðs. Mjög lítill snjór á há Kili, en mikill í Skálpanesi og þaðan austur um Bláfell, en virtist lítill vestan í Búðarfjöllum.

Veðurlýsing, hiti á háleni og í byggð.

Þá daga, sem ferðin stóð yfir, var hæg norðaustan átt og hreinviðri sunnanlands. Háþrýstisvæði lá yfir Grænlandi, en lögðir suðaustur í hafi. Bjart var yfir að líta í átt til Vatnajökuls en Éljagangur og kóf á Hofsjökli og Kerlingarfjellum og annað veifið sá í kólgu norður yfir Sprengisand og él teygðu sig allt suður á Þveröldu. Sólfar var mikið. Frost mældist mest skömmu eftir sólsetur, en þá tók skýjahulu að draga yfir, frost lækkaði. Himinn varð að jafnaði nær alheiður skömmu eftir sólarupprás. Síðasta dag ferðarinnar var vindur að snúast til SA-áttar og þá var þoka og snjókoma í Lambahrauni og á Skjaldbreið.

Lofthiti var mældur með sveiflumæli, sem Flosi Sigurðsson, veðurfr., léði til fararinnar. Til samanburðar við lofthita mældan á ferðalaginu hefur Veðurstofan gefið mér upp hitamælingar þriggja eftirtalinna veðurathuganastöðva:

Dags. kl. Ryík Kirkjubkl. Grímsst. á Fj. Staður og hæð y.s.  
19.4.            <sub>C</sub>            <sub>C</sub>            <sub>C</sub>            <sub>C</sub>            <sub>m</sub>

9	- 2	- 1	- 9
12	o	2	- 8
15	o	2	
18	o	1	- 9
21	- 2	- 1	
24	- 2	- 4	

Dags.	Kl.	Ryfk 0C	Kirkjubkl. 0C	Grimsst. 0C	á Fj.	Staður og hæð 0C	y.s. m
<b>10.4.</b>							
	3	- 5	- 4				
	6	- 5	- 4				
	9	- 3	0	- 11			
	12	0	2	- 8			
	15	1	4				
	18	2	3	- 5		- 1 undir Valahn.	470
	21	2	1			- 1 " Dyngj.	510
	24	2	2				
<b>11.4.</b>							
	3	3	0				
	6	2	0				
	9	2	4	- 6		- 1,8 undir Dyngj.	510
	12	3	5	- 5			
	15	4	6			- 2,6 Bjallavað	510
	18	3	4	- 7		- 2,6 Hófsvað	550
	21	1	2			- 2,8 Snjóölduv.	
	24	0	1				
<b>12.4.</b>							
	3	- 2	1				
	6	- 3	- 1				
	7					- 3,3 Snjóölduv.	565
	9	0	2	- 8		- 2,8 " "	565
	12	3	5	- 6		- 1,4 Vatnakv.	565
	15	5	6				
	16					- 4,2 undir Ljósufj.	640
	18	5	6	- 4		- 6,4 Jökulh.	690
	21	2	4			- 8,8 " "	
	24	0	1			-10,2 " "	

Dags.	kl.	Ryðk 0C	Kirkjubkl. 0C	Grímsst.á Fj. 0C	Staður og hæð y.s. 0C m
13.4.					
	3	0	1		
	6	0	- 1		
	9	1	2	- 4	- 6,8 Jökulh. 690
	12	3	5	- 3	
	15	4	4		- 3,1 Þórisv. 575
	18	4	4	- 4	
	21	2	2		
	22½				- 7,2 Þórisós 575
	23½				- 5,4 "
	24	- 1	± 1		- 4,6 "
14.4.					
	3	- 2	0		
	6	- 3	0		
	8				- 5,6 Þórisós 565
	9	0	2	- 4	
	12	2	5	- 4	
	14				- 3,2 Þórisós 565
	15	3	5		
	18	2	2	- 4	
	21	0	0		- 8,4 Illugaver 600
	24	- 1	0		- 9,6 Bólst. 600
15.4.					
	1				-10,8 Bólst. 600
	2				-11,0 "
	3	- 2	0		
	6	- 2	0		
	9	- 1	1	- 5	- 5,6 Bólst. 600
	11 <sup>15</sup>				- 4,6 "

Dags.	kl.	Ryik C	Kirkjubkl. C	Grímsst. C	á Fj. Staður C	og hæð m	y.s.
15.4.							
	12	0	3		- 4		
	15	1	6				
	18	1	4		- 4		
	21	- 1	0				
	21 <sup>45</sup>					- 9,6	Árskarö 700
	24	- 2	- 1			-11,7	"
16.4.							
	1					-11,4	Árskarö 700
	2					-10,2	"
	3	- 3					
	6	- 4					
	9	- 1	2		- 5		
	10 <sup>15</sup>					- 8,4	Árskarö 700
	12	3	2		- 3	- 7,2	"
	15	5	5				
	18	6	5		- 2		
	20					- 3,6	Hvítárbrú 420
	21	4	3			- 7,0	Skálpanes 800
	22 <sup>15</sup>					- 8,4	"
	24	2	2				
17.4.							
	0 <sup>30</sup>					- 2,8	saluhús Hagav. 340
	3	3	2				
	6	3	2				
	7					- 1,3	" "
	8 <sup>30</sup>					0,2	" "
	9	4	4		- 2		
	12	6	5		0		

Dags.	kl.	Ryik C	Kirkjubkl. C	Grimsst. C	á Fj.	Stapur og hæð C	y.s. m
17.4.							
	15	7	6				
	18	8	5		2		
	21	7	3				
	24	8	4				

RAFORKUMÁLASTJÓRI

ÞJÓRSA, hjá Urriðafossi.


Rennsli 1-19. apr. 1956.

23/4 1956. S.Rist/P.

B3-Vhm 30/16

B2M-277.Tnr.96

Fnr. 3315.



523 A4  
S 5 73 25 01  
1 x 1 min  
ESSELTE  
446

RAFORKUMÁLASTJÓRI

ÞJÓRSA neðan Urriðafoss.  
Vatnsborðshækkun af völdum ísa  
veturinn 1955/'56.

28/4 '56 S.Risj/P.

B3-Vhm 30/17


B2M-277

Fnr. 3327

m.y.s.

27  
26  
25  
24  
23  
22  
21  
20  
19  
18  
17  
16  
15  
14  
13  
12

25.5  
12.7  
13.0



--- Venjuleg vetrarvatnsstaða

9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27  
December 1955      January 1956



# Þoristungur.

leki  
~~teki~~ milli  
berg-  
laga.



Nedsta  
lindur.



Síð til vesturs.



Jökulheimar.






Tungnaárfjöll - Rati.






*Flugaverskófi.*



*Bólstaður.*





RAFORKUMÁLASTJÓRI  
 Hitamælingar í háloftum  
 B3-Úm Tr. 81 Fr. 3329  
 26.4.56 J.P.



- Flug
- Páskiferð á snjó og R-3s
- Mælingiferð
- Náttstödur

10 km

HOFSJÖKULL

HAGÖNGURAU

VIKISJÖKULL

OK

2

HERKA